

## GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald í Dalabyggð.**

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund sbr. lið e í 2. grein samþykktar um hundahald í Dalabyggð nr. 20/1998, skal vera kr. 8.000 fyrir allt árið eða hluta úr ári.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. júlí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 7. grein framangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000 auk þess sem greiða skal kr. 700 í gjald fyrir hvern dag sem hundurinn er í haldi.

3. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar samkvæmt 25. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hundahald í Dalabyggð. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

*Búðardal, 15. október 2002.*

**Haraldur L. Haraldsson** sveitarstjóri.